

DRÖG !!

Erindisbréf fyrir skipulags- og byggingarnefnd

Skipulags- og byggingarnefnd Kjósarhrepps er skipuð af sveitarstjórn Kjósarhrepps og í henni skulu sitja þrjú fulltrúar og jafn margir til vara. Einn fulltrúi skal vera hreppsnefndarmaður. Kjörtímabil fulltrúa miðast við kosningar til sveitarstjórnar. Á fyrsta fundi fer fram kjör formanns, varaformanns og ritara.

Formaður boðar fundi með dagskrá. Nefndin heldur fundi þegar verkefni liggja fyrir. Rita skal fundargerð nefndarinnar í sérstaka fundargerðarbók. Allar tillögur sem fram eru bornar skulu skráðar svo og samþykktir og ályktanir. Skulu allir viðstaddir undirrita fundargerðina og hún send til birtingar á heimasíðu Kjósarhrepps innan 5 daga.

Nefndarmaður hefur ekki atkvæðisrétt um mál sem varða hann sjálfan eða náíð skyldmenni hans og skal hann í slíkum tilfellum víkja af fundi. Þeir sem sitja fundi nefndarinnar skulu gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamál er rædd kunna að vera á fundum. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann láta formann vita um forföll með góðum fyrirvara og formaður boðar þá fyrsta varamann.

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna skuli fyrst og fremst verða samkvæmt lögum og í þágu allra íbúa sveitarfélagsins sem leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni að setja ávallt almannahagsmunum ofar sérhagsmunum hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa

Hlutverk nefndarinnar

- Að fara með verkefni samkvæmt skipulags- og byggingalögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð og fylgjast með að ákvæði þeirra séu haldin.
- Að gera tillögur til hreppsnefndar um stefnu í skipulags-, byggingar- og umferðarmálum og hafa eftirlit með að stefnu hreppsnefndar á hverjum tíma sé framfylgt.
- Að hafa forgöngu um gerð og breytingar á skipulagsáætlunum og fjalla um skipulagstillögur.
- Að vinna að öðrum þeim verkefnum sem hreppsnefnd felur nefndinni á hverjum tíma.
- Nefndin geti tekið ákveðin mál og vísað til hreppsnefndar
- Hvaða skilyrði þurfa skipulagstillögur að uppfylla þegar landeigendur skila inn skipulagstillögum. Nefndir setur sér verklagsreglur til samþykktar hjá hreppsnefnd

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnalaga nr. 45/1998 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum. Erindisbréf þetta var samþykkt í hreppsnefnd Kjósarhrepps þann 7. október og tekur þegar gildi

Meðferð skipulags- og byggingarmála er samkvæmt ákvæðum Skipulagslaga nr. 123/2010

Umsóknir um byggingarleyfi og framkvæmdaleyfi skulu lagðar inn hjá byggingar- og skipulagsfulltrúa sem fer yfir umsóknir og athugar hvort með fylgi nauðsynleg gögn. Byggingar- og skipulagsfulltrúi leggur umsóknir fyrir skipulags- og byggingarnefndir þegar tilskilin gögn hafa verið lögð fram. Skipulags- og byggingarnefndir afgreiða umsóknir sem uppfylla skilyrði skipulags- og byggingarlaga og reglugerða. Sveitarstjórn þarf að staðfesta afgreiðslur skipulags- og byggingarnefnda.

Skipulagsnefnd fjallar um og gerir tillögur um afgreiðslur á skipulagstillögum.

Byggingar- og skipulagsfulltrúi sér um að auglýsa skipulagstillögur samkvæmt heimild sveitarstjórnar.

Framkvæmdaaðilar gera tillögur að deiliskipulagi þar sem nauðsyn ber til. Framkvæmdaaðilar geta gert tillögur að breytingu á aðalskipulagi ef það er nauðsynlegt vegna framkvæmda eða afgreiðslu á tillögu að deiliskipulagi. Sveitarstjórn annast gerð aðalskipulags. Svæðisskipulög taka yfir fleiri en eitt sveitarfélag og eru gerð í samstarfi sveitarstjórna sem skulu mynda um það samvinnunefnd og einnig á vegum Skipulagsstofnunar og Samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálandis Íslands.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í sveitarstjórn Kjósarhrepps og tekur gildi